

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/38/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 90/14/COL	1
2014/EES/38/02		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) – GBER 2/2014/R&D	2
2014/EES/38/03		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) – GBER 3/2014/TRA	3
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/38/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7181 – BNP Paribas Fortis/Bank Gospodarki Żywnościowej) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2014/EES/38/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7222 – Enercon Independent Power Producer/Gothaer Leben Renewables/Skogberget Vind) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2014/EES/38/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7255 – BSPiH/KFG/Flint) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2014/EES/38/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7267 – Sopra Group/ Groupe Steria) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

2014/EES/38/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7271 – Russian Machines/ Fritzmeier/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2014/EES/38/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7279 – Apollo/Endemol) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2014/EES/38/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7289 – Golden Agri-Resources/Ccepsa Quimica/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2014/EES/38/11	Tilkynning stjórnvalda í Bretlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Tilkynning um 14. leyfisveitingalotu breskra stjórnvalda vegna olíu- og gasvinnslu á landi – Ráðuneyti orku og loftslagsbreytinga – Lög um olíuvinnslu 1998 – Leyfisveitingalota vegna vinnslu á landi	11
2014/EES/38/12	Ákvarðanir í sambandi við eftirlit með framkvæmd ákvarðana sem varða aðstoð vegna endurskipulagningar og slita fjármálastofnana	11
2014/EES/38/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins)	12

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2014/EES/38/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar: 26. febrúar 2014

Málsnúmer: 73992

Ákvörðunarnúmer: 90/14/COL

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Hafnarsjóður Norðurþings

Lagaheimild: Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Tegund aðstoðar: Aðstoð við einstakt fyrirtæki

Markmið: Fjármögnun uppbyggingar innviða vegna byggðapróunar

Aðstoðarform: Eigið fé, lán frá sveitarfélaginu og víkjandi lán

Fjárveiting: 969 milljónir ISK

Gildistími: 15 ár að því er varðar lán frá sveitarfélaginu og 25 ár að því er varðar víkjandi lán

Atvinnugreinar: Hafnarmannvirki

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Ríkissjóður, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4, IS-150 Reykjavík, og Norðurþing, Ketilsbraut 7–9, IS-640 Húsavík

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beiðingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))

2014/EES/38/02

I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 2/2014/R&D	
EFTA-ríki	Noregur	
Hérað	Ósló og Akershús	
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti	Óslóborg
	Póstfang	Rådhuset NO-0037 Oslo Norge
	Vefsetur	www.oslo.kommune.no
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Regionalt innovasjonsprogram 2014 (Áætlun um nýsköpun í héraði 2014)	
Innlend lagaákvæði	Prop. 1 S (2012–2013)	
(tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	http://www.regjeringen.no/nb/dep/fin/dok/regpubl/prop/2012-2013/prop-1-s-20122013--20122013.html?id=703367	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	http://www.akershus.no/ansvarsomrader/neringsutvikling/innovasjon%20og%20nettverk/regionalt-innovasjonsprogram/	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	Já
Gildistími	Aðstoðarkerfi	1.1.2014 til 31.12.2014
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	Allar atvinnugreinar
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	Já
	Stórfyrirtæki	Já
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	Heildarfjárhæð (2014) 1 351 250 EUR
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	Já

II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)	Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð	Lítill og meðalstór fyrirtæki –viðbótaraðstoð í %
Aðstoð vegna kaupa á ráðgjöf fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki og þátttöku litilla og meðalstórra fyrirtækja í kaupstefnum (26.–27. gr.)	Aðstoð vegna kaupa á ráðgjöf fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki (26. gr.)	50%	
Aðstoð vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar (30.–37. gr.)	Aðstoð við ung sprotafyrirtæki (35. gr.)	1 milljón EUR	
	Aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar (36. gr.)	200 000 EUR á hvern aðstoðarþega á þriggja ára tímabili	
Fræðslustarf (38.–39. gr.)	Sértækt fræðslustarf (1. mgr. 38. gr.)	25%	
	Almennt fræðslustarf (2. mgr. 38. gr.)	60%	

Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beiðingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))

2014/EES/38/03

I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 3/2014/TRA	
EFTA-ríki	Noregur	
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti	Innovasjon Norge
	Póstfang	Postboks 448 Sentrum NO-0104 Oslo Norge
	Vefsetur	www.innovationnorway.com
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Bioenergiþróunin (Áætlun um orkuvinnslu úr lífrænu efni)	
Innlend lagaákvæði	Fjárlög ríkisins, grænbók 1 S (2013–2014) tillaga til Stórþingsins (tillaga að þingsályktun) kafli 1150 liður 50, bls. 115, og kafli 1149 liður 73, bls. 110 ⁽¹⁾ .	
(tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	http://www.regjeringen.no/pages/38489957/PDFS/PRP201320140001LMDDDDPDFS.pdf	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	http://www.innovasjonnorge.no/Landbruk/Tjenester/Bioenergi/Bioenergiprogrammet/	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	Já
Breyting á gildandi aðstoðarákvæðum	Tilgreind áætlun fellur úr gildi	GBER 3/2009/TRA féll úr gildi 1.1.2014
Gildistími	Aðstoðarkerfi	1.2.2014 – 31.12.2014
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	Já
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	Já
	Stórfyrirtæki	Já
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	2 milljónir NOK á ári
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	Já

⁽¹⁾ Prop. 1 S (2013–2014) Proposisjon til Stortinget (forslag til stortingsvedtak) Kap. 1150 post 50, side 115 og Kap 1149 post 73, side 110.

II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)	Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki –viðbótaraðstoð í %
Fræðslustarf (38.–39. gr.)	Sértækt fræðslustarf (1. mgr. 38. gr.)	25%	
	Almennt fræðslustarf (2. mgr. 38. gr.)	60%	

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2014/EES/38/04

(mál M.7181 – BNP Paribas Fortis/Bank Gospodarki Żywnościowej)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 (1) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið BNP Paribas Fortis SA/NV („BNPP Fortis“), sem lýtur endanlegum yfirráðum franska fyrirtækisins BNP Paribas SA („BNPP“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í pólska fyrirtækinu Bank Gospodarki Żywnościowej S.A („BGZ“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BNP Paribas: almenn bankastarfsemi, fyrirtækja- og fjárfestingarbanki, fjármálaþjónusta fyrir fyrirtæki meðal viðskiptavina, opinber fyrirtæki og fjármálastofnanir um heim allan
 - BGZ: pólskur banki sem er skráður á markað og veitir fjölbreytta banka- og fjármálaþjónustu. Bankinn sérhæfir sig í fjármögnun fyrirtækja á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu og svæðisbundinna grunnvirkja, hann starfar eingöngu í Póllandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (2).
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 192, 21. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7181 – BNP Paribas Fortis/Bank Gospodarki Żywnościowej, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

(1) Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

(2) Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2014/EES/38/05****(mál M.7222 – Enercon Independent Power Producer/Gothaer Leben Renewables/
Skogberget Vind)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 (1) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Enercon Independent Power Producer GmbH, sem tilheyrir þýsku samsteypunni Enercon, og þýska fyrirtækið Gothaer Leben Renewables GmbH, sem tilheyrir þýsku tryggingasamsteypunni Gothaer, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænska fyrirtækinu Skogberget Vind AB („Skogberget“). Skogberget laut þegar yfirráðum Enercon Independent Power Producer GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Enercon-samsteypan: framleiðir og selur vindhverfla
 - Gothaer-tryggingasamsteypan: líf- og heilsutryggingar og aðrar váttryggingar
 - Skogberget: framleiðir raforku með vindhverflum í norðanverðri Svíþjóð og selur á heildsölumarkaði
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (2).
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 192, 21. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7222 – Enercon Independent Power Producer/Gothaer Leben Renewables/Skogberget Vind, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

(1) Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

(2) Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7255 – BSPIH/KFG/Flint)

2014/EES/38/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Broad Street Principal Investments Holdings, L.P. („BSPIH“), sem lýtur endalegum yfirráðum hins bandaríska Goldman Sachs Group, Inc. („Goldman Sachs“), og bandaríska fyrirtækið KFG Investment, L.L.C. („KFG“), fjárfestingarfyrirtæki sem lýtur endanlegum yfirráðum hins bandaríska Koch Industries, Inc. („Koch Industries“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu Flint Group GmbH („Flint“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Goldman Sachs: fjárfestingarbankastarfsemi, verðbréf og fjárfestingaumsýsla um heim allan
 - Koch Industries: framleiðsla, viðskipti og þjónusta í margvíslegum atvinnugreinum, t.d. framleiðsla eldsneytis, jarðolíuefna og malbiks, rekstur leiðslna og viðskipti með olíu og aðrar hrávörur, framleiðsla pappírsmauks, pappírs og umbúða, byggingarvörur og íðefni, milliefni, fjölliður og trefjar, áburður, búnaður og tækni vegna vinnsluferla og mengunareftirlits, og landbúnaðarframleiðsla
 - Flint: framleiðir og selur prentblek og aðrar prentaravörur um heim allan
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 200, 28. júní 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7255 – BSPIH/KFG/Flint, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7267 – Sopra Group/Groupe Steria)**

2014/EES/38/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Sopra Group („Sopra Group“) öðlast að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Groupe Steria SCA („Groupe Steria“) með yfirtökutilboði sem var skráð 10. júní 2014.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sopra Group: upplýsingatækniþjónusta og útgáfa hugbúnaðar
 - Groupe Steria: umbreyting upplýsingatækni kerfa og umsýsluþjónusta og þjónusta á sviði umbreytingar viðskiptaferla
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 194, 24. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7267 – Sopra Group/Groupe Steria, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7271 – Russian Machines/Fritzmeier/JV)**

2014/EES/38/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem rússneska fyrirtækið Russian Machines RM („Russian Machines“), sem lýtur endanlegum yfirráðum rússneska fyrirtækisins Basic Element, og þýska fyrirtækið Fritzmeier Auslandsholding GmbH & Co. KG („Fritzmeier“), sem lýtur endanlegum yfirráðum þýsku Fritzmeier-samsteypunnar, öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu, sameiginlegu rússnesku fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Russian Machines: framleiðir fjölbreytilegar vélar og búnað til borgaralegra nota í Rússlandi
 - Fritzmeier: framleiðsla um heim allan á stýrishúsum vélknúinna ökutækja, kerfishlutum og ihlutum fyrir bifreiðaframleiðendur og til nota í landbúnaði
 - JV: mun starfa í Rússlandi og hugsanlega öðrum ríkjum Samveldis sjálfstæðra ríkja að hönnun, tæknivinnu, prófun, framleiðslu, samsetningu, markaðssetningu og sölu á stýrishúsum til nota í byggingartækjum, landbúnaðarvélum, gaffallyfturum og öðrum vélknúnum ökutækjum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 194, 24. júní 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7271 – Russian Machines/Fritzmeier/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7279 – Apollo/Endemol)

2014/EES/38/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Apollo Management L.P. („Apollo“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Endemol Holding BV („Endemol“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Apollo: fjárfestingar í eignasöfnum
 - Endemol: framleiðsla og dreifing sjónvarpsefnis
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 195, 25. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7279 – Apollo/Endemol, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7289 – Golden Agri-Resources/Ccepsa Quimica/JV)

2014/EES/38/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Cepsa Quimica S.A. („Cespa CQ“), sem tilheyrir IPIC-samsteypunni frá Abú Dabí, og singapúrská fyrirtækið Golden Agri-Resources Ltd („GAR“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í singapúrská fyrirtækinu Sinarmas Cepsa Pte („JV“), dótturfélags í einkaeigu GAR.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cepsa CQ: framleiðsla og sala á hrávörum til að búa til þvottaefni og fyrir framleiðendur pólýesters, svo og á kúmóli, fenóli og asetoni til resínframleiðslu, hátækniplastí, gervipráðum, lyfjum og mörgu öðru
 - IPIC: fjárfestingar í orkugeiranum
 - GAR: sjálfbær pálmaolíuframleiðsla í Indónesíu, viðskipti með og hreinsun á hrárrí pálmaolíu til að gera úr henni vörur á borð við olíu til matargerðar, smjörlíki og feiti í bakstur
 - JV: þróun, lögun, framleiðsla, markaðssetning og dreifing á fitualkóhóli á heimsvísu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 195, 25. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7289 – Golden Agri-Resources/Ccepsa Quimica/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning stjórnvalda í Bretlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

2014/EES/38/11

Tilkynning um 14. leyfisveitingalotu breskra stjórnvalda vegna olíu- og gasvinnslu á landi

Ráðuneyti orku og loftslagsbreytinga

Lög um olíuvinnslu 1998

Leyfisveitingalota vegna vinnslu á landi

Ráðherra orku og loftslagsbreytinga auglýsir eftir umsóknum hagsmunaaðila um leyfi vegna olíuvinnslu og þróunar á tilteknum svæðum á meginlandi Stóra-Bretlands. Þetta er 14. lota leyfisveitinga til vinnslu á landi.

Nánari upplýsingar er að finna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 188, 20.6.2014, bls. 14. Ítarlegar upplýsingar um útboðið, meðal annars kort yfir svæði sem eru í boði og leiðbeiningar um leyfi, skilmála sem gilda um slík leyfi og hvernig standa skal að umsóknum, er að finna á vefsetri stjórnvalda í Bretlandi: <https://www.gov.uk/oil-and-gas-licensing-rounds>.

Allar umsóknir verða metnar í samræmi við ákvæði reglugerðar sem sett var á grundvelli kolvetnisvinnslutilskipunarinnar 1995 (S.I. 1995 nr. 1434) og með hliðsjón af þeirri viðvarandi nauðsyn að stuðla að skilvirkri, yfirgripsmikilli, árangursríkri og öruggri starfsemi á sviði olíu- og gasleitar á meginlandi Stóra-Bretlands, að teknu tilliti til umhverfisins.

Ákvarðanir í sambandi við eftirlit með framkvæmd ákvarðana sem varða aðstoð vegna endurskipulagningar og slita fjármálastofnana

2014/EES/38/12

Málsnúmer	Aðildarríki	Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Upplýsingarnar birtust í
SA.29832 (2013/N-3)	Holland	ING – IABF Termination	Stjtið. ESB C 117, 16.4.2014, bls. 92.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga**

2014/EES/38/13

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhfæðra staðla samkvæmt samhfæfingarlöggjöf Sambandsins)

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 71-1:2011 + A3:2014 Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafræni og efnislegir eiginleikar	13.6.2014	EN 71-1:2011+A2:2013 Athugasemd 2.1	30.9.2014
CEN	EN 71-2:2011 + A1:2014 Öryggi leikfanga – Hluti 2: Eldfimi	13.6.2014	EN 71-2:2011	
CEN	EN 71-3:2013 Öryggi leikfanga – Hluti 3: Far tiltekinna frumefna	29.6.2013		
CEN	EN 71-4:2013 Öryggi leikfanga – Hluti 4: Samstæður fyrir efnafræðitilraunir og ámóta tilraunir	28.5.2013		
CEN	EN 71-5:2013 Öryggi leikfanga – Hluti 5: Efnafræðileikföng (samstæður), önnur en tilraunasamstæður	29.6.2013		
CEN	EN 71-7:2014 Öryggi leikfanga – Hluti 7: Fingramálning – Kröfur og prófunaraðferðir	13.6.2014		
CEN	EN 71-8:2011 Öryggi leikfanga – Hluti 8: Leiktæki til heimilisnotkunar	19.10.2011		
CEN	EN 71-12:2013 Öryggi leikfanga – Hluti 12: N-nítrósamín og N-nítrósamínmyndandi efni	29.6.2013		
CEN	EN 71-13:2014 Öryggi leikfanga – Hluti 13: Lyktarskynsbörðspil, bragðskynsbörðspil, snyrtivöruset og bragskynsleikir	13.6.2014		
CENELEC	EN 62115:2005 Rafmagnsleikföng – Öryggi IEC 62115:2003 (Breytt) + A1:2004	11.8.2011		
	EN 62115:2005/A2:2011 IEC 62115:2003/A2:2010 (Breytt)	11.8.2011	Athugasemd 3	Liðinn (11.8.2011)
	EN 62115:2005/A11:2012	15.11.2012	Athugasemd 3	Liðinn (15.11.2012)
	EN 62115:2005/A2:2011/AC:2011	19.10.2011		

(1) CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)

CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)

ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

- Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.
- Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslögjafar.
- Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslögjafar.
- Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslögjafar að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslögjafar gildir óbreytt að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.
- Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi, er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslögjafar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja, en skrá yfir þær birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* samkvæmt 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 ⁽¹⁾.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofan ábyrgjast ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, séu rétt.
- Vísanir til leiðréttinga „.../AC:YYYY“ eru eingöngu birtar í upplýsingaskyni. Með leiðréttingu eru ásláttarvillur, málvillur eða sambærilegar villur fjarlægðar úr texta staðals og kann hún að tengjast útgáfu staðals, sem evrópsk staðlasamtök hafa samþykkt, á einu eða fleiri tungumálum (ensku, frönsku og/eða þýsku).
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samhæfða staðla og aðra evrópska staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð: http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls.12